

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 2.-3. bekk er kennt í samkenndu og eru þrjú umsjónarhópar með 64 nemendum, 34 drengir og 30 stúlkur. Umsjónarkennarar eru: Ebba Lára Júlíusdóttir með Krabba, Karen Ingimundardóttir með Kuðunga og Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir með Krossfiska. Rakel Ósk Eiríksdóttir, grunnskólakennari, kennir í 80% stöðu í þessum hópum. Stuðningsfulltrúi er Laufey Einarsdóttir. Kennarar í hringekju eru Harpa Magnúsdóttir (smíði), Margrét Þórólfsdóttir (textíl), Natalya Gryshanina (heimilisfræði), Sílvia V Björgvinsdóttir (leir og föndur) og Eric Farley Hearn (myndlist). Geirprúður Bogadóttir kennir nemendum í 2. bekk á blokkflautu í forskóla/tónmennt. Íþróttakennarar eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir og Þórir Rafn Hauksson.

Skipting kennslustunda

Íslenska - 9 stundir

Stærðfræði - 5 stundir

Þema (náttúru-, samfélags- og kristinfræði, umhverfismennt auk lífsleikni) - 6 stundir

Upplýsinga- og tæknimennt - 1 stund

List og verkgreinar (hringekja) - 4 stundir

Forskóli (2. bekkur) - 2 stundir

Tónmennt (3. bekkur) - 1 stund

Íþróttir og sund - 3 stundir

Íslenska 2.-3. bekkur

Kennari: umsjónarkennari

Almenn markmið:

Að nemendur:

- Þjálfist í upplestri, bæði undirbúin og óundirbúin
- Fá tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- Geri sér grein fyrir eins og söguþráður og sögulok
- Hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- Auki lestrarhraða sinn og efla lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- Þekki helstu hugtök málfræðinnar svo sem bókstafur, orð, setning, sérhljóði, samhljóða, samheiti, andheiti og fleira
- Geri sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- Ná tökum á að draga rétt til stafs
- Þjálfist í því að gera útdrætti og skrá efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- Átti sig á þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- Í lok 2. bekkjar eiga nemendur að hafa náð 80-130 atkvæðum í lestri.
- Í lok 3. bekkjar eiga nemendur að hafa náð 130-180 atkvæðum í lestri.

Námsbækur

- Lestarbækur með/án vinnubóka við hæfi hvers og eins
- Skrift 2 og 3 auk skriftarhefta
- Ritúrú 1 - 3, Málið mitt

- Málið mitt
- auk krossgátuhefta og annarra ljósrita frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- ritun, safnfræðsla, samvinnunám, sýnikennsla, söngur og umræður.

Námsmat

- lestur: prófað er í hraðlestri fjórum sinnum yfir skólaárið, einkunn gefinn í fjölda atkvæða lesin á mínútu. Prófað er í lesskilningi tvisvar sinnum á skólaárinu, í lok hvernar annar.
- skrift: skrifleg próf tvisvar, í lok hvernar annar, nemendamat, einkunn gefin í tölum
- gátlistar: metin eru markmið í íslensku á Mentor undir námsframvindu

Stærðfræði 2.-3. bekkur

Kennari: umsjónarkennari

Almenn markmið:

Að nemendur:

- að nemendur nái góðum tókum á helstu hugtökum stærðfræðinnar, samlagning, frádráttur, deiling og margföldun
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning
- þjálfist í að mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna, s.s. smáhluti, kubba, talnagrind, reiknivélar og skýringarmyndir
- raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum, t.d. oddatölur, tugtölur, tölur sem enda á 5 o.fl.

Námsgögn

- Sproti 2a, 2b, 3a og 3b auk annarra stærðfræðibóka og ljósrita (t.d. Húsaheftin 2-4) frá kennara
- Við stefnum á margföldun og deilingu
- Vasareiknir 1-3
- Viltu reyna
- Í undirdjúpunum

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, umræður, viðfangsefni tengd daglegu lífi, vinnubókarkennsla, þemanám, þjálfunarforrit og þrautalausnir

Námsmat

- kannanir – námsefninu er skipt upp í lotur og fer hver nemandi á sínum hraða eftir getu. Eftir hverja lotu er könnun þar sem nemandinn þarf að ná að lágmarki 7.0 til að halda áfram. Ef nemandi nær ekki lágmarkinu fær hann frekari þjálfun. Gildir 40 %
- yfirlitspróf – í lok annar, gildir 20%

- frammistöðumat – vinnusemi og áhugi metinn. Gildir 20 %
- Verkmöppur og námsbækur eru metin til lokaeinkunnar á haust- og vorönn. Gildir 20 %

Þema 2.-3. bekkur

Kennari: umsjónarkennari

Almenn markmið:

Að nemendur:

- Temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpssemi og vandamál tengd einelti og bakmælg
- Kunni umferðarreglur og þekki umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur
- Sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- Geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim og geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins
- Þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- Þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldmerki Íslands og söguna af landvættunum

Ítarlegri kennsluáætlun í náttúru-, samfélags- og trúarbragðafræði er að finna inn á heimasíðu Njarðvíkurskóla undir bekkjarsíður 2.-3. bekkur

Námsgögn

- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera
- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Spor 3
- Við hjálpum – skyndihjálp
- Góða ferð
- Stjarnan
- Þemaverkefni/upplýsingartækni – Risaeðlur

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fræðslumyndir, hópverkefni, leikræn tjáning, ritun, samvinnunám, sköpun og söguaðferð

Námsmat

- Mat á frammistöðu í tímum. Enginn einkunn gefin.

Umhverfismennt

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkomu hans byggist á samspili við hana
- sýni áhuga og ábyrgð á nánasta umhverfi og velferð lífvera

Námsgögn

- fræðslumyndir, ljósrit frá kennara ofl.
- samþætt við námsbækurnar Komdu og skoðaðu himingeiminn, land og þjóð og hvað dýrin gera.

Kennsluaðferðir

- fræðslumyndir, sköpun, umræður og vettvangsferðir

Námsmat

- frammistaða og virkni metin jafnt og þétt yfir veturinn. Engin einkunn gefin.

Upplýsingartækni 2.-3. bekkur

Kennari: umsjónarkennari

Almenn markmið:

Að nemendur:

- nái tókum á réttri fingrasetningu
- læri að taka bók á bókasafni við sitt hæfi

Námsgögn

- bækur af bókasafni, kennsluforrit í tengslum við þemavinnu
- nams.is / fingrafimi

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- safnfræðsla, sýnikennsla, upplýsingartækni og þjálfunarforrit

Námsmat

frammistöðumat - ekki gefin einkunn

Hringekja:

Listgreinar, hönnun og smíði auk heimilisfræði er kennt í hringekju. Nemendur fara í 12 vikur í senn, 2 tíma í viku í hringekjutíma. Hringekjutímar eru tvisvar sinnum í viku.

Umsagnir sem notaðar eru í námsmati í hringekju eru:

- Settu marki náð: nemandi stendur sig vel og hefur náð settum markmiðum
- Framvinda góð: stutt er í að nemandi nái settum markmiðum
- Á réttri leið: nemandi er komin vel af stað að ná settum markmiðum
- Þarfnast frekari þjálfunar: nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná settum markmiðum

Heimilisfræði

Kennari: Natalya Gryshanina

Almenn markmið:

Að nemendur:

- þekki fæðuhringinn
- læri um mikilvægi hreinlætis og góðrar tannhirðu
- þjálfist í að fara eftir einföldum skriflegum uppskriftum
- þjálfist í að ganga frá eftir sig

Námsgögn

- Hollt og gott I og II, myndband: Hvaðan kemur mjólkin og Hollt og gott

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- hópverkefni, sýnikennsla og vinnubókarkennsla

Námsmat

- frammistöðumat – nemendur metnir eftir frammistöðu og fá umsögn í lok skólaárs

Textíl

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Almenn markmið:

Að nemendur:

- vinna með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- noti útsaum til skreytingar
- saumi einfaldar línur í saumavél
- vinni eftir leiðbeiningu kennara
- taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett
- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- öðlist færni í að klippa út form

Námsgögn

- fyrra ár: mála á léreft, sauma einföld útsaumsspor í útlínur. Gera hendur og fætur úr filtefni og sauma saman með þræðispori. Afrakstur: Púðakarlar.
- Seinna ár: klippa út úr filtefni eftir sniði, skreyta með einföldum útsaumi, sauma saman með þræðispori. Afrakstur: Bangsi.

Kennsluaðferðir

- bein kennsla, samræðuaðferðir, sköpun og sýnikennsla

Námsmat

- Frammistöðumat, umsögn er gefin í lok annar í fáum orðum

Myndmennt

Kennari: E.F. Hearn

Almenn markmið:

Að nemandi :

- þjálfist í að vinna myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að vinna á fjölbreytilegan hátt með viðeigandi efni, verkfæri og aðferðir
- vinni myndverk með litatónum sem hafa mismunandi áhrif t.d. heitir og kaldir litir
- þekki hugtakið áferð og beiti því í mynd
- þekki hugtakið lína og beiti henni á mismunandi hátt í mynd til að fá fram ólík áhrif
- þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu
- þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda
- læri um frágang verkefna og tileinki sér að ganga vel frá efni og áhöldum

Námsgögn

- margvíslegar tegundir pappírs, litir, vatnslitir, málning, kol, blek, leir og ýmiss önnur verkfæri, áhöld og efni til myndlistar.

Kennsluáferðir

- bein kennsla, fyrirlestrar, sköpun og vettvangsferðir
 - í kennslu myndlistar á yngsta stigi er leitast við að tengja viðfangsefni nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Til að örva sjálfstæði nemandans í vinnubrögðum er boðið upp á fjölbreyttar leiðir til úrvinnslu og útfærslu verkefna. Lögð verður mikil áhersla á að þjálfarín- og grófhreyfingar, jafnframt skapandi vinnu.
 - börn á yngsta stigi hafa ríka tjáningarpörf og verður lögð áhersla á að þau geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki. Jafnframt verður lögð áhersla á að nemandi lýsi munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum.

Námsmat

- símat og sjálfsmat, auk þess er virkni, sjálfstæð vinnubrögð, frumleiki og vinnusemi tekin inn í námsmatið.

Leir og list

Kennari: Silvia V. Björgvinsdóttir

Almennt markmið:

Að nemandi:

- þekki og getið unnið með fjölbreytt efni og verfærni til höggmynda gerðar.
- geta mótað einfalt þrívídd form.
- þekki ýmsa listamenn og þrívitt listdæmi.
- geta lýst munnlega skoðunn sinni á mynd.
- gangi vel frá verkefnum, efnum og áhöldum.

Námsgögn

- "Sculptural Materials in the Classroom", Peter Clough
- ýmis konar leir og efni til höggmyndagerðar, t.d. plast, málmvír, ál, og fl.
- efni frá kennara

Kennsluaðferðir

- bein kennsla (einstaklingskennsla), fyrirlestrar og sýnikennsla

Námsmat

- kennari metur i kennslustundum verkfærni, áhuga og umgengni. Umsögn er gefin í lok annar.

Hönnun og smíði

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Almenn markmið:

- sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnusvæði út frá öryggissjónarmiði
- geti beitt einföldum handverkfærum
- sýni vinnu annarra virðingu
- þekki algeng smíðaefni
- geri sér grein fyrir samhengi efnis, forms og notagildi hluta
- geti búið til nytjahlut með listrænum áherslum
- nemandi geti hagnýtt sér upplýsingatækni við leit að hugmyndum og mótun þeirra

Námsgögn

- efnisviður úr tré, mdf., plast og úr endurvinnslukassa, ýmis handverkfæri og efni sem þarf til að skreyta verkefni

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- hugmyndavinna, sköpun og umræður

Námsmat

- annað mat: kennari notar símat í kennslustundum og metur verkfærni, vandvirkni, iðni, áhuga, umgengni og hegðun
- nemendur fá umsögn í lok skólaárs

Tónmennt 3. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur:

- Geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- Geti greint á milli algengustu hljóðfæratægunda, s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni

Námsgögn

- Tónmenntavefurinn
- Við spilum og leikum við litlu börnin
- Syngjandi skóli
- ýmis verkefni og ljósrit

Kennsluaðferðir

- hlustunarefni, hreyfing, sköpun, söngur og tónlist

Námsmat

- frammistaða og virkni metin jafnt og þétt yfir veturinn, engin einkunn gefin

Fjölgreindaval 2.-3. bekkur

Kennari: umsjónarkennari, sérgreinakennarar og stuðningsfulltrúar

Unnið er eftir kenningu Gardners um fjölgreindir. Nemendum er skipt á stöðvar þar sem þeir vinna verkefni sem koma inn á margar greindir í einu. Verkefnin eru tengd áhugasviði og getu nemenda.

Almenn markmið:

Að nemendur:

- fái að njóta sín eftir getu og áhugasviði.

Námsgögn

- breytileg eftir vinnustöðvum, bæði hlutbundin og huglæg

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fjölbreyttir kennsluhættir

Námsmat

- sjálfmat – nemendur meta sjálfir eftir hverja stöð

Íþróttir

Kennarar: Þórir Rafn Hauksson

Almenn markmið:

- Að nemandi þjálfist í æfingum og leikjum sem efla samspil skynjunar og hreyfingar.
- Að nemandi þjálfist áfram í grunnhreyfingum og læri að tengja mismunandi hreyfingar saman.
- Að nemandi taki þátt í ýmsum leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamspól, hraða, viðbragð og kraft.
- Að nemandi fræðist um gildi hreyfingar.
- Að nemandi læri að bregðast við fyrirmælum og tileinki sér réttar reglur í leikjum.
- Að nemandi tileinki sér umgengisreglur í íþróttatímum og íþróttamannvirkjum s.s að ganga frá fötum, handklæði, þvo sér og þurrka.

Námsgögn

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat

- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar
- frammistöðumat – verklegt próf
- nemendur fá einkunn í tölum þar sem verklegt próf gildir 50% og virkni nemenda í tímum gildir 50%

Sund

Kennarar: Ásgerður Bjarklind og Þórir Rafn

Almenn markmið:

Unnið eftir 2. og 3. ja sundstigi

- Marglyttuflot með því að rétta úr sér (2.sundstig)
- 10m bringusund (2.sundstig)/ 12 m bringusund (3.ja sundstig)
- 10 m skólabaksunds fótatök (2.sundstig)/ 12 m skólabaksund (3.ja sundstig)
- Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, lágmark 2,5 m (2.sundstig)
- Hoppa af bakka í laug (2.sundstig)
- 6 m skriðsunds fótatök með andlit í kafi og arma teygða fram (3.ja sundstig)
- 6 m baksunds fótatök (3.ja sundstig)
- Kafað eftir hlut á 1-1,5 metra dýpi

Námsgögn

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat

- verklegt próf, nemendur 2. bekkjar taka 2. sundstig og nemendur 3. bekkjar taka 3. sundstig. Nemendur verða að ná öllum markmiðum.
- Lokið/ólókið